



**Loftslagsstefna Rangárþings eystra  
2023 - 2033**



## EFNISYFIRLIT

<b>1. LOFTSLAGSÁÆTLUN RANGÁRÞINGS EYSTRÁ</b> .....	<b>2</b>
I. VERKEFNISLÝSING .....	2
I. MARKMIÐ STEFNU .....	2
II. TÍMABIL STEFNU .....	2
III. MÆLDUR ÁRANGUR .....	2
<b>2. STÖÐUMAT - ÚTREIKNINGUR LOSUNAR Á VIÐMIÐUNARÁTI</b> .....	<b>3</b>
<b>3. LOFTSLAGSSTEFNA</b> .....	<b>4</b>
IV. FRAMTÍÐARSÝN .....	4
V. YFIRMARKMIÐ .....	4
VI. STEFNAN.....	4
VII. GILDISSVIÐ.....	45
VIII. EFTIRFYLGNI .....	5
IX. TENGING VIÐ NÚVERANDI SKULDBINDINGAR.....	5
X. KOLEFNISJÖFNUN .....	5
XI. STEFNAN Í HEILD SINNI .....	6
<b>4. MÆLANLEG MARKMIÐ OG AÐGERÐARÁÆTLUN</b> .....	<b>7</b>
XII. ÚRGANGSFARVEGUR Í RANGÁRÞINGS EYSTRÁ.....	8
XIII. TILLÖGUR TIL UMBÓTA.....	9
<b>5. MÆLANLEG MARKMIÐ OG AÐGERÐARÁÆTLUN</b> .....	<b>11</b>
XIV. AÐGERÐARÁÆTLUN .....	11
<b>6. FRAMKVÆMD, EFTIRFYLGNI OG ENDURSKOÐUN</b> .....	<b>11</b>

## TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1 Heildarlosun árið 2022.....	3
Tafla 2 Losun vegna efnisflokka 2022 .....	3
Tafla 3 Losun vegna eldsneytis 2022 .....	3
Tafla 4 Losun vegna Flugs 2022 .....	3
Tafla 5 Losun vegna Úrgangs 2022 .....	3
Tafla 6 Losun í sveitarfélaginu í stærðarröð með kostnaðaráætlun.....	7
Tafla 7 Markmið ríkis í úrgangsmálum .....	8

# 1. Loftslagsáætlun Rangárþings eystra

## I. Verkefnislýsing

Samkvæmt lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál ber öllum sveitarfélögum að marka sér stefnu í loftslagsmálum. Árið 2023 ákvað sveitarstjórn Rangárþings eystra í samvinnu við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) að móta loftslagsstefnu fyrir rekstur Rangárþings eystra til ársins 2033.

Markmið stefnunnar er að taka saman upplýsingar um þá losun sem sveitarfélagið skilar frá sér og hvar hægt væri að minnka losunina. Niðurstaðan byggir á vinnu skrifstofu sveitarfélagsins, sveitarstjórnar, stjórnenda og skipulags- og umhverfisnefndar með það að markmiði að móta nýja framtíðarsýn, aðgerðir og verkefni til að draga úr losun í samfélaginu.

Í stefnunni er tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þá er einna helst litið til eftirfarandi heimsmarkmiða:



## I. Markmið stefnu

Markmið stefnunnar er að móta farveg Rangárþings eystra í átt að minni losun gróðurhúsagasa og leiða sveitarfélagið í átt að sjálfbærri framtíð sem mun byggja upp sjálfbæra þróun í samfélaginu. Heimsmarkmiðin munu veita stefnunni utanumhald og er hún unnin innan ramma þeirra. Þetta markmið fellur vel að framtíðarsýn Innviðaráðuneytis og Byggðaráætlunar, lið b: Byggðir og sveitarfélög um land allt verði sjálfbær.

## II. Tímabil stefnu

Loftslagsstefna þessi tekur mið af gildistíma heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, en stefnan tekur gildi við samþykki sveitarstjórnar Rangárþings eystra í október 2023 og gildir til ársins 2033.

## III. Mældur árangur

Loftslagsstefnan miðast að því að sett verði markmið og mælikvarðar fyrir hvern flokk losunar í sveitarfélaginu og byggja þau á losunartölum fyrir árið 2022. Árlega eftir það skulu



mælingar endurteknar og út frá því skal meta stöðuna í hverjum flokki fyrir sig og út frá því skal framvinda verkefnisins endurmetin.

## 2. Stöðumat - Útreikningur losunar á viðmiðunarári

Stefna þessi tekur mið af losun gróðurhúsalofttegunda vegna þeirra þátta sem stefnan tekur til fyrir árið 2022. Það ár er notað sem viðmiðunarár (grunnár) sem samdráttarmarkmið miðast við.

Tafla 1 Heildarlosun árið 2022

Ár	Losun (tonn CO2)	Losun (tonn CO2)/m2	Losun (tonn CO2)/ stöðugildi
2022	645	0,04	4

Tafla 2 Losun vegna efnisflokka 2022

Ár	Akstur (tonn CO2)	Orka (tonn CO2)	Flug (tonn CO2)	Úrgangur (tonn CO2)
2022	94,5	20,6	0,3	529,3

Tafla 3 Losun vegna eldsneytis 2022

### Losun vegna Aksturs (eldsneytis)

Ár	Bensín (tonn CO2)	Dísill (tonn CO2)	Metan (tonn CO2)	Rafmagn (tonn CO2)	Steinólía (tonn CO2)
2022	-	94,5	-	-	-

Tafla 4 Losun vegna Flugs 2022

### Losun vegna Flugs

Ár	Innanlands (tonn CO2)	Utanlands (tonn CO2)
2022	0,3 -	-

Tafla 5 Losun vegna Úrgangs 2022

### Losun vegna Úrgangs

Ár	Almennur (tonn CO2)	Lífrænn (tonn CO2)	Plast (tonn CO2)	Pappír/pappi (tonn CO2)	Gler (tonn CO2)	Málmar (tonn CO2)	Grófur (tonn CO2)
2022	398,4	10,5					120,4

### 3. Loftslagsstefna

#### I. Framtíðarsýn

Sveitarfélagið Rangárþing eystra stefnir á að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum bæði fyrir sína íbúa sem og önnur sveitarfélög með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrinum og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér. Rangárþing eystra vill leggja sitt af mörkum til að markmiðum Parísarsamningsins frá árinu 2016 verði náð og taka þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

#### II. Yfirmarkmið

Þessi stefna er sett fram til ársins 2033, á þeim tíma setur Rangárþing eystra sér það markmið að hafa dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna eigin reksturs um 40% miðað við þær forsendur sem eru gefnar fyrir árið 2022. Einnig ætlar sveitarfélagið sér að ná kolefnishlutleysi í rekstri sínum fyrir árið 2040 og er það í takt við þau markmið sem Ísland hefur sett sér í loftslagsmálum samkvæmt Parísarsamkomulaginu. Með Parísarsamkomulaginu, sem samþykkt var í desember 2015, skuldbundu öll ríki heims sig til að draga markvisst úr losun og setja fram mælanlegar aðgerðir með það að markmiði að halda hlýnun lofthjúpsins vel innan við 2°C og eins nálægt 1,5°C og hægt er miðað við meðalhita við upphaf iðnbyltingar. Sérfræðingar í loftslagsmálum meta stöðuna svo að hitastig á jörðinni muni hækka um 3–5°C, fyrir árið 2100 miðað við árið 2020, sé ekkert að gert.

#### III. Stefnan

Stefnan nær til innkaupa á jarðefnaeldsneyti vegna reksturs sveitarfélagsins, óbeinnar notkunar jarðefnaeldsneytis, innkaupa á orku og til meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur að neðan:

- a.** Innkaup jarðefnaeldsneytis vegna reksturs sveitarfélagsins (t.d. á bifreiðar og tæki fyrir hvers kyns umhirðu innan sveitarfélags, s.s. úrgangshirðu, skólaakstur, snjómoksturstæki, o.fl.)
- b.** Óbein innkaup jarðefnaeldsneytis (flug starfsfólks, notkun bílaleigubíla og leigubíla. Ef mögulegt er ætti einnig að áætla innkaup jarðefnaeldsneytis í verkefnum sem eru boðin út en tengjast daglegum rekstri)
- c.** Orka (öll raforka og hitaveita sem keypt er beint eða greitt fyrir í gegnum leigusamninga)
- d.** Úrgangur (úrgangur sem fellur til vegna eigin reksturs)

#### IV. Gildissvið

Stefna þessi nær til allrar starfsemi Rangárþings eystra, þ.e. reksturs skóla- og íþróttamannvirkja, sundlaugar, reksturs skrifstofu, bókasafns, reksturs áhaldahúss, dvalarheimilis, sorphirðu o.s.frv.



## V. Eftirfylgni

Loftslagsstefna Rangárþings eystra skal vera rýnd ár hvert af stýrihóp um loftslagsmál. Við rýningu skulu yfir- og undirmarkmið uppfærð með tilliti til þróunar í losun gróðurhúsalofttegunda á milli ára. Stefnan skal vera samþykkt af sveitarstjórn og upplýsingum um árangur aðgerða er miðlað á heimasíðu sveitarfélagsins.

## VI. Tenging við núverandi skuldbindingar

Stefna þessi styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem Rangárþing eystra vinnur að innleiðingu á. Áætlað er að innleiðingunni verði lokið á vormánuðum 2025. Byggsááætlun 2022-2036 og stefna og markmið ríkis fyrir urðun og endurvinnslu heimilisúrgangs voru einnig hafðar til hliðsjónar. Rangárþing eystra er Heilsueflandi samfélag en því er ætlað að styrkja allar grunnstoðir sjálfbærni þ.e. félags-, umhverfis- og efnahagslega þætti og því ljóst að loftslagsstefna þessi spilar stórt hlutverk í að styðja við umhverfisþátt þeirrar stefnu. Í Rangárþingi eystra er unnið að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í verkefninu Barnvænt samfélag. Talið er að hamfarahlýnun í heiminum grafi undan réttindum barna á hverjum einasta degi og að hvert einasta barn í heiminum verði nú fyrir að minnsta kosti einu áfalli af völdum hamfarahlýnunar. Það er því ljóst að áhrif loftslagsbreytinga snertir á mörgum þáttum samfélagsins og sýnir enn betur hversu brýnt er að bregðast hratt og örugglega við til að sporna á móti þeirri þróun sem nú hefur orðið.

## VII. Kolefnisjöfnun

Kolefnisjöfnun er skilgreind samkvæmt 3.gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál „*Þegar aðili hlutast til um aðgerðir annars aðila til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og/eða binda kolefni úr andrúmslofti og notar staðfestingu á slíkum samdrætti eða bindingu til að jafna út sína eigin losun að hluta eða öllu leyti.*“ Rangárþing eystra mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en einnig kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með kaupum á vottuðum kolefniseiningum eigi síðar en í lok árs 2025. Kolefnisjöfnun skal ná með því að draga úr neyslu og þar með úrgangi, endurvinna allan þann úrgang sem fellur til, velja vistvænni fararmáta/samgöngur, minnka matarsóun og velja matvæli sem ræktuð eru í heimabyggð og vinna að orkusparnaði. Þegar því hefur verið náð og ekki talið hægt að draga úr frekari losun skal fara í fjárfestingar á kolefniseiningum. Kolefnisjöfnun er ekki „vottorð til þess að menga meira“.

## VIII. Stefnan í heild sinni

### **Loftslagsstefna Rangárþings eystra**

Sveitarfélagið Rangárþing eystra stefnir á að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér. Rangárþing eystra vill leggja sitt af mörkum til að markmiðum Parísarsamningsins verði náð og taka þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Fram til 2033 mun Rangárþing eystra draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna eigin reksturs um samtals 40% miðað við árið 2022. Rangárþing eystra mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en einnig kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með kaupum á vottuðum kolefniseiningum frá árinu 2025.

Stefnan nær til innkaupa á jarðefnaeldsneyti vegna reksturs sveitarfélagsins, óbeinnar notkunar jarðefnaeldsneytis, innkaupa á orku og til meðhöndlunar úrgangs. Stefnan nær til allrar starfsemi Rangárþings eystra, þ.e. reksturs skóla- og íþróttamannvirkja, sundlaugar, skrifstofu, bókasafns, rekstur áhaldahúss, sorphirðu o.s.frv.

Loftslagsstefna Rangárþings eystra er rýnd á hverju ári af stýrihóp umhverfismála og yfirmarkmið og undirmarkmið uppfærð með tilliti til þróunar í losun gróðurhúsalofttegunda á milli ára. Stefnan er samþykkt af sveitarstjórn og upplýsingum um árangur aðgerða er miðlað á heimasíðu sveitarfélagsins.



## 4. Mælanleg markmið og aðgerðaráætlun

Helsta losun vegna rekstur Rangárþing eystra er vegna úrgangs, aksturs og orkunotkunar. Gefnar voru ákveðnar forsendur fyrir verð á hverja einingu, kg úrgangs, lítra eldsneytis og raforkuverðs til að reikna út hvað mjög grófur, áætlaður kostnaður er fyrir hvern flokk í rekstri samfélagsins.

Tafla 6

2022	tonn CO2	Áætlaður kostnaður við kolefnisjöfnun (kr) (m.v. 3000 kr/tonn CO2)	Magn (kg, L, kWh)	Forsendur	Áætlaður árlegur kostnaður
Urðun	518,8	1.195.245,7	399.083,9	40 kr/kg	15.963.356
Lífrænn úrgangur	10,5	31.478,63	61.182,3	40 kr/kg	2.447.292
Dísill	94,5	283.393,1	13.750,54	327 kr/l	4.496.426
Rafmagn	20,6	61.807,2	2.407.629	20 kr/kWh	48.152.580
<b>Samtals</b>	<b>645,6</b>	<b>1.933.890</b>			<b>71.059.654</b>

**Samtals var útreiknuð losun frá Rangárþingi eystra árið 2022 645,5 tonn CO<sub>2</sub>.**

**Samtals var áætlaður kostnaður sem veldur þessari losun um 71 milljónir kr.**

**Samtals er kostnaður við kolefnisjöfnun á þessari losun 1.933.890 kr.**





## I. Úrgangsfarvegur í Rangárþingi eystra

Íslenska ríkið, í takt við ESB, hefur sett sér markmið í urðun og endurvinnslu á heimilisúrgangi. Þau eru að árið 2035 má urðun á heimilisúrgangi ekki vera meiri en 10% og endurvinnsla ekki minni en 65%.

Sem liður í að uppfylla þessi markmið hefur ríkið sett kvaðir á sveitarfélög og frá og með 1. janúar 2023 verða sveitarfélög að vera búin að innleiða eftirfarandi aðgerðir:

### 1. Sérstök söfnun:

Tafla 7

Sérstök söfnun við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli	Söfnun í grenndargáma	Sérsöfnun í nærumhverfi íbúa
Pappír og pappi	Málmar	Spilliefni
Lífúrgangur	Gler	
Plast	Textíll	
Blandaður úrgangur		

2. Pay as you throw – hér þarf sveitarfélag að rukka framleiðendur úrgangs (heimili, fyrirtæki, stofnanir, frístundahús) gjald sem er beintengt raunverulegu magni úrgangs, sorphirðu, meðhöndlun úrgangs og launa- og umsýslukostnaðar. Sveitarfélög mega ráða hvort þau rukka eftir rúmmáli eða þyngd. Flest sveitarfélög á Íslandi rukka í dag fast gjald fyrir sorphirðu og förgun í gegnum álagningarkerfi Þjóðskrár. Ekki er vitað til þess að önnur sorpsamlög en SORPA séu með tilbúið kerfi fyrir þessa breytingu.
3. Sveitarfélög bera ábyrgð á að tölulegum markmiðum sem sett eru um endurvinnslu heimilisúrgangs og lífræns úrgangs sé náð á þeirra svæðum.
4. Skylda er að flokka rekstrarúrgang og byggingar- og niðurrifsúrgang og ber sveitarfélögum að tryggja aðstöðu til að taka við þessum úrgangi flokkuðum.
5. Sveitarfélögum ber að annast gerð upplýsingaefnis um forvarnir og meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu og fræða aðila í samstarfi við Skipulags- og umhverfisnefnd.
6. Stofnanir sveitarfélagsins skulu vera í fararbroddi í þessari þróun og skal rík áhersla vera lögð á að auka flokkun sorps í almenningsrýmum og í tengslum við viðburði.

Miðað við þau gögn sem fengust þá má sjá að heimilisúrgangur í Rangárþingi eystra var áætlaður um 856 tonn árið 2022, þar af 46,6% í urðun og 53,4% í endurvinnslu.

Heimilisúrgangur	Magn (Kg)	Hlutfall
Lífrænn úrgangur	61.182,3	7,15%
Pappír/pappi	81.752,1	9,55%
Plast	40.895,6	4,78%
Gler	144.057,1	16,82%
Málmar	129.247,2	15,1%
Urðun	399.083,9	46,61%
<b>Samtals</b>	<b>856.218,2</b>	



## II. Tillögur til umbóta

Þegar verið er að horfa á leiðir til að draga úr losun þá er mikilvægt að til staðar sé góð greining á núverandi rekstri. Því er ráðlagt að hefja mælingar sem fyrst á sem flestum þáttum samfélagsins sem tengjast losun í samfélaginu. Með betri yfirsýn má horfa á núverandi kostnað og áætla sparnað við betri innviði og þannig reikna sig fram til núllpunkts, þ.e.a.s. hvenær fjárfestingin hefur fjármagnað sig sjálfa í formi sparnaðar.

### 1. Úrgangur

- a. Mikilvægt er að Sorpstöð Rangárvallasýslu hefji mælingar sem fyrst til að sjá hvar úrgangur er einna helst að myndast.
- b. Horfa má á kostnað vegna urðunar sem er um 16 miljónir árlega, sem réttlætingu fyrir fjárfestingu í innviðum. Athuga verður að þetta gjald er vanáætlað þar sem fleiri breytur vantar inn í eins og sorphirðu, leiga á ílátum o.s.frv.
- c. Hafa þarf í huga hvort kostnaður við endurvinnslu aukist í kjölfarið, mikilvægt er því að nýta mælingar vel til að greina hvort og hvernig fjárfesting verði best til hagsbóta.
- d. Huga þarf að því sem allra fyrst hvernig breyta á greiðslukerfi málaflokksins, þannig að hann fari frá álagningarkerfi Þjóðskrár og innheimtu með fasteignagjöldum yfir í kerfi sem rukkar hvern úrgangsframleiðanda í beinu samhengi við framleiðslu og notkun hans á úrgangskerfi Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.
- e. Leggja þarf áherslu á fræðslu um aukna flokkun til starfsfólks sveitarfélagsins. Til að mynda er mikilvægt að kortleggja vel matarsóun vegna mötuneyta, reyna þannig að komast hjá matarsóun eins og kostur er.

### 2. Eldsneyti

- a. Ein augljós leið til að spara tæp 95 tonn CO<sub>2</sub> á ári væri að skipta þeim ökutækjum sem eru í eigu sveitarfélagsins yfir í ökutæki sem ganga fyrir rafmagni. Mikilvægt er að hafa í huga við endurnýjun tækja og bifreiða að hafa það alltaf sem fyrsta kost að kaupa tæki sem ganga fyrir endurnýjanlegri orku. Markmiðið er að nást hafi full orkuskipti fyrir árið 2040 þannig að öll orka komi úr innlendum og vistvænum orkugjöfum.
- b. Samtals kostaði eldsneyti í Rangárþingi eystra um 5,5 miljónir árið 2022. Ekki eru til tölur yfir akstursvegalengd bifreiðanna og því ekki hægt að reikna út sparnað við að skipta út núverandi bifreiðum fyrir rafmagnsbíl. Því er mikilvægt að innleiða akstursdagbækur fyrir bifreiðar í eigu sveitarfélaga.
- c. Rangárþing eystra skal leggja áherslu á að gerðar verði ríkar kröfur um umhverfisvæn ökutæki í útboðum á vegum sveitarfélagsins s.s. við skólaakstur og snjómokstur.
- d. Starfsfólk sé hvatt til að draga eins og kostur er úr notkun einkabíla, t.d. með samakstri og með því að nota aðra virka ferðamáta t.d. að ganga eða hjóla, og með því að draga úr ferðaþörf s.s. með notkun fjarfundarbúnaðar þegar mögulegt er.



### 3. Rafmagn

- a. Um er að ræða litla losun, en kostnað upp á sirka 48.152.580 miljónir árlega.
- b. Setja í innkaupastefnu allra stofnanna í sveitarfélaginu að við endurnýjun á ljósaperum og rafmagnstækjum verði ávallt valið tæki með bestu fánlegu orkunýtingu.
- c. Hægt er að skoða fastagjöld og notkunargjöld fyrir hvern notanda og athuga hvort hægt sé að hagræða þeim.
- d. Hægt er að setja mæla á einstaka stórnotendur og athuga hvort orkusóun sé að eiga sér stað, hugsanlega tengist þetta gömlum orkufrekum eldhústækjum.
- e. Setja verklag og umgengnisreglur á öllum stofnunum sveitarfélagsins sem stuðla að minni orkunotkun.
- f. Á þeim svæðum í sveitarfélaginu þar sem ekki er hægt að kynda hús með heitu vatni, að skoða þann möguleika að setja upp varmadælur í húsnaði sem eru í eigu sveitarfélagsins.



### 5. Mælanleg markmið og aðgerðaráætlun

**Fram til 2032 mun Rangárþing eystra draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna eigin reksturs um samtals 40% miðað við losun árið 2022.**

Rangárþing eystra leggur áherslu á að farið verði sem fyrst í vinnu við þróun og innleiðingu á snjallkerfi, í samstarfi við Sorpstöð Rangárvallasýslu, um losun úrgangs á sínu svæði. Það mun leiða af sér betri yfirsýn yfir auðlindastrauma í samfélaginu sem mun gefa sanngjarnari kostnaðardreifingu þannig að hver sá sem mengar borgar. Með aukinni yfirsýn mun samfélagið ná að draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum vegna úrgangs og sjá hvers konar auðlindir eru til staðar. Sú yfirsýn er talin muni laða að sér nýsköpun og uppbyggingu atvinnulífsins í græna hagkerfinu. Aukin nýting staðbundinna auðlinda er talin vænleg til að auka hagsæld íbúa.

Rangárþing eystra mun endurvinnna innkaupastefnu sína þar sem m.a. verður lögð áhersla á að skipta út mengandi orkunotkun fyrir vistvæna, endurnýjun á orkufrekum raftækjum, versla í auknum mæli beint úr heimabyggð, stórinnaup til að draga úr sóun og minni efnainnkaup.

Rangárþing eystra ætlar að beita sér fyrir að upplýsa íbúa, fyrirtæki, stofnanir og aðra í sveitarfélaginu um að sveitarfélagið stefnir á sjálfbæra þróun og hvaða þýðingu það hefur að við getum lifað við hagsæld í sátt við náttúruna.

#### I. Aðgerðaráætlun

Til að ná markmiðum loftslagsstefnu þarf að ráðast í aðgerðir sem miða að því að draga kerfisbundið úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í aðgerðaáætlun skulu aðgerðir vera tímasettar og hafa tilgreindan ábyrgðaraðila, en einnig er mælt með að áætla áhrif á losun og áætlaðan kostnað.

Gera þarf starfsmann ábyrgan fyrir því að fylgja eftir loftslagsstefnu og aðgerðum, utanumhaldi á losunarbókhaldi og endurskoðun markmiða. Árlega þarf að uppfæra losunarbókhald og meta framvindu og árangurs sérhvers verkefnis til að sjá hvort verkefni séu á réttri leið eða hvort endurskoða þurfi þau. Hægt er að styðjast við „græn skref“ sem Umhverfisstofnun heldur utan um fyrir ríkisstofnanir og aðlaga þau gögn og viðmið sem þar eru til að rekstri Rangárþings eystra.

### 6. Framkvæmd, eftirfylgni og endurskoðun

Rangárþing eystra mun árlega í samstarfi við SASS fara í endurskoðun á losunarbókhaldi sínu og meta árangur aðgerða í samræmi við nýtt stöðumat að hverju sinni.